

Cazal segir að á sýningunni sé safn verka sem tengist hugtakinu „Annars vegar – Hins vegar“, en það er einmitt yfirskrift sýningarinnar. „Ég tek öll þessi verk og bý til úr þeim fimm sviðssetningar fyrir söfnin sem þau eru sett upp í. Hér á Kjarvalsstöðum má sjá eina af mögulegum túlkunum – ég lít á verkin sem eina heild. Sviðssetningarnar eru mjög ólíkar milli einstakra safna, svo verkin verða í raun aldrei þau sömu.“

Cazal talar um að listaverkið tengist lífi listamannsins og það sé mjög mikilvægt að á bakvið sköpunina er öll listasagan samankomin; þekking á henni sé nauðsynleg til að geta brotið listina upp.

„Í þessu samhengi er nauðsynlegt að benda á að öll mín verk, sem og sýningarnar í heild, hafa marga lestrarmöguleika. Þeir möguleikar eru sjálfsagt fleiri fyrir fólk sem talar sama mál og ég og kemur úr sama umhverfi, en allir áhorfendur hafa þó marga og ólíka möguleika á að lesa úr verkunum. Sumir hafa sagt að verkin samanstandi alltaf af mynd og texta, og þegar ekki er mynd þá er texti alltaf mynd í sjálfu sér. Þannig er alltaf samspil texta og myndar.“

— Áttu við að ytra form textans sé mynd í sjálfu sér?

„Hvert form og hver einstök samstilling í verkunum ákvarðar merkinguna. Árið 1985 ákvað ég að gera nafn mitt að vörumerki og fékk auglýsingafyrirtæki til að hanna merkið. Með þessu er ég vitaskuld að brjóta upp, setja spurningarmerki og velja fyrir mér hugmyndum um áritunina á listaverkum, sem er mjög gömul hefð.“

Af leikaraskap er ég auðvitað að nota mörg sjónræn tákni, sem gefa fleiri en einn möguleika á undirskrift listamannsins. Þannig var það annar einstaklingur sem bjó til vörumerkið sem ég set á verkin mín. Ég nota líka kampavínið og kampavínglósinn sem einskona áritun, þau eru hjálpartæki mitt sem listamanns. Ég er þannig alltaf að hugsa um táknið í umhverfi okkar, og hef búið mér til eitt sem á uppruna sinn að rekja til pappírins um tappann í kampavínsflösku. Við stækun les maður það tákni á allt annan hátt. Á sama tíma snertir þetta tákni spurningar um smekk manna, og sýnir ákveðna afstöðu sem er dæmigerð fyrir heim listarinnar.

Samhlíða því að gera vörumerki úr nafninu, bjó ég til slagorðið eða undirtitilinn: Listamaðurinn í umhverfi sínu. Það gerir það að verkum að rétt eins og með auglýsingar, skapast viss lesháttur á verkin, sem tengist slagorðinu. Og í dag getur listamaðurinn í rauninni ekki verið til, nema til sé ákveðið umhverfi fyrir hann; ákveðinn vilji fyrir listina.“

— Er þetta á einhvern hátt uppreisn, eða leið til að nálgast leshátt áhorfenda í dag?

„Þetta er miklu pervertískara en það!“ Cazal brosir og bætir við: „Listaverk hafa fleiri en eitt merkingsvið og það er alltaf undir hverjum einstökum áhorfanda komið hvaða skilning hann leggur í það sem hann sér, og hvaða þekkingu hann hefur á list og menningu. Auðvitað geta allir lesið þetta sjónrænt, og þessi verk hafa öll þann karakter að þau gætu öll hafa verið til áður: sem eitthvað á götunni, sem auglýsingaskilti – útlit verkanna á ekki að koma neinum á óvart – en þau hafa samt fleiri merkingsvið.“

Ég vinn aldrei með tilbúna hluti, „ready mades“, ef ég nota eitthvað sem má kaupa á markaði, þá er það einungis sem hjálpartæki við uppsetningar. Ég bý allt til sjálf-

PHILIPPE CAZAL

ur, en verkin líta bara út eins og hlutir sem fólk kynni að rekast á í verslun. Þegar ég vinn til dæmis með myndmál auglýsinga, þá nálgast ég myndmálið eins og ég mögulega get, en varast þó alltaf að verða sjálfur hluti af því.

Þessi verk fæðast hvert af öðru, ýta hvert öðru áfram, en þau eru aldrei háð hvert öðru. Þeim má alltaf raða upp á nýjan hátt, svo ég gef einhverja grunnmerkingu með því í leiðinni.“

Ljóst er að Cazal notar sér myndmál fjölmiðla, búðarglugga, tískusýninga og auglýsinga hverskonar, hann tekur það ekki hrátt upp, heldur snýr út úr því. Þá er hann mjög upptekinn af glæsileika og lúxusnum í samfélaginu. En má tala um boðskap í verkunum eða lætur hann áhorfandanum alveg eftir að lesa slíkt út?

„Hvert verk hefur ákveðna grunnmerkingu. Hver sýning er túlkun á verkum og þeirri vinnu sem bak við þau liggur. Munurinn á mér og öðrum listamönnum sem vinna með „installasjónir“ er kannski þessi mikli möguleiki á að binda ólík verk saman í eina heild. Ég leik mér með umhverfið, fyrir mér eru allar aðstæður og allir staðir góðir til að koma verkum fyrir í. Ég næ alltaf yfirhöndinni yfir umhverfinu. Ég get nefnt að innan tíðar mun ég opna sýningu í prentmyndastofu í París. Umhverfið þar, og öll þessi tæki sem eru notuð í auglýsingariðnaðinum, verða bara eins og hvert annað umhverfi í sýningarsal.“

Þá má ekki gleyma því að titlar verkanna hafa afgerandi hlutverki að gegna. Og ekki síður nöfn sýninganna.“


Cazal talar um að listamaðurinn megi aldrei vanræka eitt eða neitt í vinnu sinni: „Ekki vinnuna við að búa listaverkið til, og hann má ekki vanræka sjálfa listmiðlunina; umhverfið, og hvernig verkum hans er komið á framfæri. Því reyni ég að vanda jafn mikið til boðskortanna á sýningarnar sem listaverkanna sjálfra. Í þeim skilningi að umhverfið skipti svo miklu máli, hef ég stundað það að taka eldri verk eftir mig og umskapa þau í ljósi breyttra tíma, nýrra upplifana. Verkið verður aldrei endurtekning, heldur alltaf ný túlkun. Ég endurnýja mig í minni eigin vinnu.“

— Ber það ekki vitni um fullkomunarárættu?

„Ætli ég geri mig ekki nútímalagan með þessu“, segir hann og brosir. „Ég hef mjög gaman af að leika með það sem ég hef einu sinni skapað.“ Hann bendir á vegg sem skiptir salnum á Kjarvalsstöðum í tvennt; verið er að veggfóðra hann með sérstökum pappír sem er hluti af sýningunni: „Ég nota mikið veggfóður sem einskona skraut, það truflar lestur verkanna og ég hef gaman af því. Áður voru veggirnir hvítir, hálf „minimal“, en eftir að pappírinn er kominn á eru þeir orðnir barokk! Rýmið hefur þrátt fyrir það ekkert breyst í sjálfu sér.“

Ég óttast ekkert að takast á við fræg tákni, eins og keðjuna. Vitaskuld er hún frægt og tilkomumikið tákni; nægir að minnast á elskendur sem eru hlekkjaddir saman, og aðra sem eru hlekkjaddir við lífið. Með því að setja keðjuna upp í myndum með þessari fjarlægð, og á þennan fagurfræðilega hátt, birtist táknið í nýju ljósi sem falletur hlutur.“

— efi



Birgir Andrésson opnar sýningu í dag á Kjarvalsstöðum sem hann nefnir Nálægð.

Morgunblaðið/Einar Falur

FURÐUFUGLAR OG FRÍMERKI

Birgir Andrésson sýnir á Kjarvalsstöðum

BIRGIR Andrésson myndlistarmaður hefur undanfarn þrjú ár leitað fanga í gömlum ljósmyndum og og teikningum, og grafið upp myndir af „annars vegar“ fólki. Þetta voru förumenn, listamenn, sjómenn, drykkjumennt, hugsuðir, rithöfundar, skáld og fræðimenn margs konar sem áttu það tvennt sammerkt að hafa verið uppi á síðari hluti 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. og að hafa verið utangarðs í samfélagi þess tíma. Myndirnar hefur Birgir stækkað upp og endurnið á þess þó að breyta útliti þeirra og sýnir á Kjarvalsstöðum á sýningu sem hann opnaði þar í dag.

Þetta er eins konar portrettsaría og er kannski dálítið merkilegt því hér eru komnar á einn stað myndir af flestu því fólki sem skar sig úr og sögur voru sagðar af fyrir um 80-120 árum,“ segir Birgir Andrésson um sýningu sína. Mannamyndirnar eru 60 talsins og kallar Birgir þennan hluta sýningarinnar Annars vegar fólk og visir þá til þess að þetta var vissulega fólk sem ekki fór sömu vega í lífinu og samferðamennirnir, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Hinn hluti sýningarinnar eru myndir af íslenskum frimerkjum sem Birgir hefur málað á stórar fólgur og birtir hverja mynd í þrennu lagi, þremur mismunandi litum. Frimerkin, segir Birgir, eru frá Alþingishátíðarárinu 1930 og hann segir áhuga sinn á frimerkjum hafa vaknað útfrá vangaveltum um hvers konar ímynding varldu hafa af sjálfum sér á þessum tíma, „...“ og hvaða ímynd við vildum að aðrir hefðu af okkur. Þessar myndir eru kópíur af kópíum af einhverju sem í rauninni hefur aldrei verið til nema sem ímynd í huga þjóðarinnar.

Ég er ekkert frábrugðinn öðrum í því að ég er alltaf að leita að sérstöðu. Ég kalla þessa sýningu Nálægð og vísa þá til þess að ég er að reyna að komast nálægt þeirri sérstöðu sem þetta ákveðna fólk hafði á sínum tíma og einnig þeirri sérstöðu sem það vildi skapa okkur gagnvart umheiminum. Ég hef grufað töluvert lengi í ýmsum þáttum

íslenskrar þjóðmenningar sem hægt er nýta sér á „móðern“ hátt; leita að einhverjum sérkennum á okkur sem þjóð sem hægt er setja fram á myndrænan hátt.

Það er alls ekki hugsunin á bakvið þessar mannamyndir að draga fram einhverja furðufugla fyrir tíma. Þarna er fólk sem á sínum tíma — og líklega enn í dag — væri afskrifað sem aumingjar og rugludallar, en margir þessara einstaklinga voru miklir hæfileikamenn sem fundu sig ekki í samfélaginu. Engu að síður er einhver sérstakur innileiki í mörgum sögum sem sagðar eru af þessu fólki og ég hef vissulega sterka samkennd með því. Sú tilfinning er þó ekki kveikjan að þessu verkefni, öllu heldur má segja að samkenndin hafi kviknað eftir að ég fór að safna saman þessum myndum og kynna mér sögu þessa fólks.“

Birgir er ekki tilbúinn að samþykkja þá tilgátu að í „furðufuglum“ fyrir tíma sé að finna fyrirrennara listamanna dagsins í dag. Samfélagið hafi hreinlega ekki gert ráð fyrir þeim og sé orðið umburðarlyndara. „Ég held að þetta fólk sem þarna um ræðir hefði einnig verið afskrifað í dag og lokað inni. Sá er mesti munurinn að í dag eru svona einstaklingar teknir úr umferð. En auðvitað spyr maður sjálfan sig stundum eftir að hafa eytt í þetta ómældum tíma og fjárumunum: hvernig í andsk... datt mér þetta í hug?“

— hs

Tónleikar í Hafnarborg

TRÍÓ REYKJAVÍKUR ÁSAMM LEON SPIERER OG JULIUS


ÖNNUR tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í Hafnarborg í Hafnarfirði hefst með tónleikum næstkomandi föstudagskvöld, 6. september, klukkan 20.00. Ásamt meðlimum tríósins, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Gunnari Kvaran sellóleikara og Halldóri Haraldssyni pianóleikara, koma tveir kunnir hljóðfæraleikarar fram: fiðluleikarinn Leon Spierer, fyrsti konsertmeistari Filharmóníuhljómsveitar Berlínar, og flautuleikarinn Julius Baker, en hann var fyrsti flautuleikari við Filharmóníuhljómsveit New York-borgar og fleiri virtar hljómsveitir. Á efnisskránni eru verk eftir Martinu, Mozart og Brahms.

Í samtali við Guðnýju og Gunnar kom fram að efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt: „Tónlist frá þessari öld, Vínarklassík og rómantík. Við byrjum á sönötu fyrir tvær fiðlur og pianó, eftir tékneska tónskáldið Martinu. Hann samdi geysilega mikið af kammer-tónlist og smærri verkum, en hefur lítið verið leikinn hér, þrátt fyrir að mörg verka hans hafi orðið mjög vinsæl. Þar leikur Spierer með okkur, en í næsta verki, hinum fræga Flautukvartett Mozarts, leika þeir báðir, Spierer og Baker. Að lokum leikum við svo mjög stórt kammerverk, Pianókvartett í A-dúr eftir Brahms, en við vitum ekki til þess

að hann hafi verið leikinn áður hér á landi. Það er geysilega fallett og magnað verk.“

Í fyrsta og síðasta verkinu leikur Guðný á lágfiðlu, en það er ekki hennar venjulega hljóðfæri. „Það kemur vitaskuld til af því að það er ekki pláss fyrir tvær fiðlur. En ég hef gert töluvert af því að leika á lágfiðlu á tónlistarhátíðum erlendis, og síðan hef ég haft þetta með í kammer-tónlist. Það er spennandi og munurinn er helst sá að lágfiðlan er stærri!“

Tríó Reykjavíkur var stofnað formlega árið 1988, og hefur síðan leikið á fjölda tónleika hér heima og erlendis. Í fyrsta var tríóið með



Julius Baker

tónleikaröð, ferna tónleika, í Hafnarborg og þetta verða fyrstu tónleikarnir á öðru starfsárinu þar. „Við fáum gesti til liðs við okkur á fyrstu og síðustu tónleikum í vetur,“ segja Gunnar og Guðný. „Þetta er alltaf viss áhætta, við höfum ekki neinn tryggn fjárhag, en í fyrsta gekk þetta mjög vel og